

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

48

24. apríl

1. gr.

Til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar skal greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945 og lögum nr. 29 4. febr. 1952 af fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs, 10%.
2. Af verzlunarhúsum, verkmiðjum, byggingum til atvinnureksturs, bryggjum og álíka mannvirkjum, 5%.

Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúða og lóðum, sem þær standa á, greiðist enginn skattur.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því sem umfram er, skal sleppa, og ná fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða um önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandinn skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal vera frá 1. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 1954. Skattinn ber að greiða hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur tveim mánuðum eftir gjalddagi, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum og tíðkast á hverjum tíma.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu. Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana; skólahús, barnahæli, sjúkrahús, svo og aðrar eignir, sem undanþegnar eru samkv. 4. gr. laga nr. 67 1945.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og sam-

48 þykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, sbr. og lög nr. 29 4. febr. 1952, stað-
24. apríl festist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Staðfesting ráðuneytisins á upphæð fasteignaskatts samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er bundin við nügildandi fasteignamat.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 55 11. apríl 1939.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

49
1. maí

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu 24. des. 1953, um notkun heimildar laga nr. 77
23. des. 1953, um innheimtu ýmissa gjalda 1954 með viðauka.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið, að leyfisbréflagjald, er um ræðir í lögum nr. 40 frá 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, skuli ekki innheimta með viðauka.

Fjármálaráðuneytið 1. maí 1954.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sig. Áskelsson.

50 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um
4. maí Sigfús Sigurhjartarson“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. maí 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að reisa og reka samkomuhús og starfsmiðstöð fyrir íslenska alþýðu og flokk hennar, Sameiningarflokk alþýðu — Sócialistaflokkinn —, og sé húsið helgað minningu Sigfúsar Sigurhjartarsonar, og beri nafn hans.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

Eignum hans og tekjum skal varið til byggingar og reksturs húss samkvæmt 2. grein.